



## Leikskólinn Ugluklettur

### Áætlun vegna sérkennslu

#### 1 Grunur um frávik

Ef það kviknar grunur um frávik í þroska barns eða erfiðleikar koma fram í hegðun þess eða líðan, þá er málinu vísað til úrlausnar í lausnarteymi leikskólans. Úrræði sem finnast innan leikskólans eru nýtt til þess að bregðast við málinu í samráði við foreldra, deildarstjóri og sérkennslustjóri fylgja eftir þeim úrræðum sem sett eru af stað.

Þegar um er að ræða erfiða hegðun barns þá er foreldrum bent á foreldranámskeið sem haldið er að hausti til þess að styrkja þau í foreldrahlutverkinu.

Þegar grunur kviknar um frávik í þroska er það metið með matstækjum sem leikskólinn hefur yfir að ráða. Í Uglukletti er málþroskaprófið Orðaskil (Elín Þ. Þórðardóttir) lagt fyrir til að fá upplýsingar um orðaforða og setningagerð barna. Íslenski smábarnalistinn og Íslenski þroskalistinn (Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson) eru nýttir til að fá upplýsingar um þroska. Fundað er með foreldrum þegar niðurstöður athuganna liggja fyrir og haldið áfram með íhlutun við hæfi í samráði við foreldra. Foreldrar eru beðnir um að ganga úr skugga um að sjón og heyrn sé eðlileg.

#### 2 Einstaklingsáætlun

Í samræmi við niðurstöður athuganna er gerð einstaklingsáætlun með mælanlegum markmiðum fyrir barnið. Við gerð einstaklingsáætlanna er oft stuðst við AEPS- Assessment, Evaluation, and Programming System for Infants and Children (Diane Bricker) ef það á við. AEPS er færnimiðað matskerfi sem nýtt er til þess að búa til einstaklingsnámskrá og skipuleggja íhlutun. Einstaklingsáætlunin tekur mið af þeim frávikum sem komið hafa fram, reynt er að hafa markmið hennar afmörkuð og auðlesin, þannig að auðvelt sé að meta árangur. Foreldrar eru þátttakendur í gerð einstaklingsáætlunar, þeir fá ráðgjöf í samræmi við vandann og eru hvattir til þess að vera virkir þátttakendur í vinnu með barnið.

### 3 Mat á árangri

Fylgst er vel með framvindu íhlutunar og hún metin á 3 mánaða fresti. Gátlistar, skráningar og áhorf eru nýttir til þess að meta framfarir. Ef árangur er ekki viðunandi er óskað eftir nánari athugun talmeinafræðings, leikskóla- og sérkennslufulltrúa Borgarbyggðar eða sálfræðings. Foreldrum er einnig bent á að þeir geti sjálfir leitað til Heyrnar- og talmeinafræðingavæðinga Íslands vegna heyrnamælinga.

### 4 Teymisvinna

Stofnað er teymi í leikskólanum í samráði við foreldra þegar talin er þörf á reglulegu og nánu samstarfi vegna barns eða í kjölfar athugunar hjá ráðgjafa. Í teymi eru forráðamenn barns, deildarstjóri/hópstjóri, sérkennslustjóri og eftir atvikum starfsmenn og sérfræðingar eða ráðgjafar utan skólans sem koma að máli barnsins. Tilgangur teymisvinnu er að samhæfa og samræma markmið í tengslum við nám og kennslu barnsins.

### 5 Tilvísun

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að vísa barni í leikskóla til athugunar hjá sérfræðingum, sérfræðipjónustu Borgarbyggðar er fyllt út beiðni í samræmi við þá aðstoð sem óskað er eftir. Sérkennslustjóri fyllir út beiðnina í samstarfi við foreldra. Hverju máli fyrir sig fylgja þau fylgigögn sem sérfræðipjónusta Borgarbyggðar óskar eftir samkvæmt verklagsreglum þar um. Þegar beiðni hefur verið gerð er hún lögð fyrir hjá lausnar-teymi leikskólans þar sem hún er yfirfarin og samþykkt. Sérkennslustjóri er ábyrgur fyrir því að beiðnin og fylgigögn berist sérfræðipjónustu Borgarbyggðar.

### 6 Aðkoma málstjóra

Ef ástæða er talin fyrir því að barnið þurfi frekari aðstoð þá er óskað eftir aðkomu málstjóra. Það er gert á sérstöku eyðublaði í samráði við foreldra barnsins.

13. júní 2019

MHG

